

BREYTING Á STRANDVEGI (ÞVERÁRFJALLSVEGI), SAUÐÁRKRÓKI

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 14. júlí 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Stoð verkfræðistofu, f.h. Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar um fyrirhugaðar breytingar á Strandvegi (Þverárfjallsvegi), Sauðárkróki samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 26. júlí 2013 og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með tölvupósti dags. 25. júlí 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdin nái til um 385 m kafla af Strandvegi til móts við norðurenda Aðalgötu á Sauðárkróki og miði að því að koma veginum í endanlega legu sína skv. skipulagi. Þar með ljúki framkvæmd sem hófst kringum 2003, en lauk ekki vegna fjárskorts. Markmið framkvæmdarinnar sé fyrst og fremst að auka umferðaröryggi á svæðinu, en með henni verði tekin af nokkuð kröpp beygja, sem liggi nærri íbúðarhúsum við norðurenda Aðalgötu. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé allt innan bæjarlands á Sauðárkróki og sé á uppfyllingu sem hafi verið myндуð með efni sem til hafi fallið vegna dýpkunar Sauðárkrókshafnar á síðustu áratugum. Á framkvæmdasvæðinu séu í dag gatnamannvirki sem verði rifin sem og ófrágengin malar- og grassvæði.

Fram kemur að á framkvæmdakaflanum verði Strandvegur 7,5 m breiður, með malbikuðum akbrautum og kantsteini beggja vegna. Mesta færsla vegarins, frá núverandi vegi, verði um 25 m. Á kaflanum verði tvær miðeyjar á götunni, til þess að auka öryggi gangandi vegfarenda yfir götuna og við aðra eyjuna verði auk þess hraðhindrun. Til hliðar við götuna verði grassvæði og malbikaðar gangstéttar. Auk færslu á Strandvegi feli framkvæmdin í sér bæði endurgerð norðurenda Aðalgötu og tengingu hennar við Strandveg.

Fram kemur að ekki sé ráðgert að opna nýjar efnisnámur vegna framkvæmdarinnar. Um 1.750 m³ af efni í burðarlag verði sótt í opna námu á Gránumóum við Sauðárkrók og tæplega 1.000 m³ efnis í jöfnunarlag komi úr Vallholtsnámu í Vallhólmi í Skagafirði. Ekki sé gert ráð fyrir að framkvæmdin feli í sér frágang í ofangreindum námum.

Áhrif á náttúrufar. Fram kemur að framkvæmdasvæðið sé þegar raskað og hafi framkvæmdirnar því ekki neikvæð áhrif á lífríki, jarðmyndanir eða landslag.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að þar sem framkvæmdin sé á svæði sem þegar sé raskað, sé ekki gert ráð fyrir að hún muni hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós komi áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2000, muni framkvæmdaraðilar hafa samráð við Minjavörð Norðurlands vestra um aðgerðir.

Leitað verði umsagnar Minjastofnunar Íslands við afgreiðslu framkvæmdaleyfis vegna framkvæmdarinnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Samkvæmt framlagðri umsögn skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Skagafjarðar, sem fylgdi gögnum Vegagerðarinnar, eru framkvæmdirnar í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagafjarðar 2009-2021 og Deiliskipulag Gamla bæjarins á Sauðárkróki.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra það álit að ekki sé ástæða til að meta umhverfisáhrif af fyrirhugaðri framkvæmd.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða breytingar á Strandvegi (Þverárfjallsvegi), Sauðárkróki. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að framkvæmdin er umfangslítill og á svæði sem þegar hefur verið raskað að umhverfisáhrif hennar verði mjög lítil.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að breytingar á Strandvegi (Þverárfjallsvegi), Sauðárkróki séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012. Ef vinnubúðir verða reistar á svæðinu þarf að afla starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra skv. reglugerð 785/1999 um starfsleyfi um atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 2. september 2013.

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson